



NÝSKÖPUNARSJÓÐUR
NÁMSMANNA



rannís
Laugavegi 13, 101 Reykjavík
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is

Stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna hefur valið bestu verkefni sem unnin voru á árinu 2011 til að keppa um Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands 2012

Endanlegum frágangi vegna styrkveitinga Nýsköpunarsjóðs námsmanna á styrkárinu 2011 er nú senn að ljúka. Tilgangur sjóðsins er að styrkja háskólanema í grunn- og meistaranámi til sumarvinnu við nýsköpun og rannsóknir. Tæplega 500 umsóknir um styrki til sumarvinnu við nýsköpun og rannsóknir bárust í sjóðinn í ár.

Sjóðurinn var styrktur um 50 milljónir frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Reykjavíkurborg lagði til 30 milljónir. Stuðningurinn gerði Nýsköpunarsjóði námsmanna kleift að styrkja 131 verkefni þar sem 190 nemendur lögðu til vinnu í 493 mannmánuði.

Lokapunktur og jafnframt hápunktur ferilsins er úthlutun Nýsköpunarverðlauna forseta Íslands til þeirra verkefna sem þykja skara fram úr. Allir nemendur sem skila inn lokaskýrslu fyrir auglýstan frest koma til greina við veitingu verðlaunanna. Að þessu sinni bárust 111 skýrslur til sjóðsins fyrir lokafrestinn og var stjórninni því vandi á höndum að velja þau verkefni sem koma til greina. Verkefnin voru gífurlega fjölbreytt og fór vinnan fram í öllum landshlutum.

Stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna velur þau verkefni sem tilnefnd eru sem úrvalsverkefni og keppa um Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands að ráðleggingum fagráða sjóðsins. Verðlaunaafhengingin fer fram á Bessastöðum í febrúar næstkomandi.

Nánari upplýsingar er hægt að nálgast hjá Huldu Proppé, Hulda.P@rannis.is, sími 515-5825 og 821-4332.

Verkefnið sem stjórn Nýsköpunarsjóðs námsmanna hefur tilnefnt til Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands 2012 eru eftirfarandi:

Heiti verkefnis	Nemendur	Aðsetur leiðbeinenda	Leiðbeinendur
<i>Aðgengileikakort fyrir hreyfihamlaða</i>	Axel Kaaber, Jón Ingi Einarsson, Lúðvík Snær Hermannsson og Snorri Eldjárn Snorrason	Borgarmynd	Snorri Þór Tryggvason
<i>Arðsemismat á mismunandi notkunarmöguleikum repjuolíu</i>	Sævar Birgisson	Siglingastofnun Íslands	Jón Bernódusson
<i>Aquaponics kerfi: Nýting frárennslis frá fiskeldi til gróðuræktunar</i>	Elma Dögg Steingrimsdóttir	Íslensk matorka/Háskóli Íslands	Ragnheiður I. Þórarinsdóttir, Sjöfn Sigurgísladóttir og Stefanía Katrín Karlsdóttir
<i>Áhættureiknir fyrir hjarta- og æðasjúkdóma</i>	Vilhjálmur Steingrímsson	Hjartavernd	Thor Aspelund og Vilmundur Guðnason
<i>Bestun á staðsetningu hleðslustaura</i>	Hafsteinn Einarsson	Háskóli Íslands	Steinn Guðmundsson
<i>Bætt nýtni í íslenskri grænmetisrækt</i>	Darri Eyþórsson og Einar Margeir Kristinsson	Háskóli Íslands/Matís	Guðjón Þorkelsson
<i>Eyðibýli á Íslandi: Rannsókn á eyðibýlum og yfirgefnum húsum í Austur-Skaftafellssýslu, Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu sumarið 2011</i>	Arnþór Tryggvason, Árni Gíslason, Birkir Ingibjartsson, Steinunn Eik Egilsdóttir og Yngvi Karl Sigurjónsson	Háskóli Íslands	Gísli Sverrir Árnason og Sigbjörn Kjartansson
<i>Flothetta</i>	Unnur Valdís Kristjánsdóttir	Listaháskóli Íslands/Háskóli Íslands	Tinna Gunnarsdóttir og Örn Daníel Jónsson
<i>Gagnagrunnur byggður á hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar fyrir listgreinakennslu</i>	Ásdís Spanó og Hugrún Þorsteinsdóttir	Listaháskóli Íslands	Ásthildur Björg Jónsdóttir
<i>Greining á hreyfingu í gosmekkinum yfir Eyjafjallajökli</i>	Sindri Magnússon	Veðurstofa Íslands/Háskóli Íslands	Halldór Björnsson og Kristján Jónsson
<i>Greining prentgripa fyrir safneignir, bókarkápur og veggspjöld</i>	Arna Rún Gústafsdóttir	Listaháskóli Íslands /Hönnunarsafn Íslands	Guðmundur Oddur Magnússon og Auður Harpa Þórsdóttir
<i>Hönnun hugbúnaðar fyrir samhengisháða stafsetningarleiðréttingu</i>	Jón Friðrik Daðason	Háskóli Íslands/Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum	Sven Þ. Sigurðsson og Kristín Bjarnadóttir
<i>Jarðsegulsviðshermir: Hönnun, smíði og prófanir</i>	Andrés Gunnarsson	Stjörnu Oddi	Hákon Óli Guðmundsson og Sigmar Guðbjörnsson

Heiti verkefnis	Nemendur	Aðsetur leiðbeinenda	Leiðbeinendur
<i>Lyfnæmisprófanir á heilaæxlum</i>	Bjarni Þorsteinsson og Gunnar S. Júlíusson	Vala Med ehf/Landspítali – Háskólasjúkrahús	Finnbogi Rútur Þormóðsson og Ingvar Hákon Ólafsson
<i>Pornography as Work Culture and Cultural Phenomenon</i>	Thomas Brorsen Smidt	Háskóli Íslands/Reykjavíkurborg	Þorgerður Einarsdóttir, Gyða Margrét Pétursdóttir og Halldóra Gunnarsdóttir
<i>Próteinmengjagreining meltingarvegs þorsklifra</i>	Hugrún Lísa Heimisdóttir	Háskólinn á Akureyri / Matís	Oddur Vilhelmsson, Hólmfríður Sveinsdóttir og Jónína Jóhannsdóttir
<i>Róró</i>	Valgeir Tómasson	Háskólinn í Reykjavík/Landspítalinn	Þórður Helgason og Eyrún Eggertsdóttir (sjálfstætt starfandi)
<i>Sauðskinsskór í nútímabúning</i>	Gígja Ísis Guðjónsdóttir	Listaháskóli Íslands	Linda Björk Árnadóttir
<i>Tilfallandi vinnslugeta: Tölvuský (GreenQloud) ehf.</i>	Ingólfur Eðvarðsson, Jónatan Nilsson og Trausti Sæmundsson	GreenQloud	Tryggvi Lárusson
<i>Öðuskel, vannýtt auðlind?</i>	Árni Stefán Ásgeirsson og Kjartan Þór Birgisson	Háskóli Íslands/Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Suðurnesjum	Jörundur Svavarsson og Halldór Pálmar Halldórsson
<i>Þróun aðferða við mat og viðgerðir á landi eftir akstur utan vega</i>	Anna Sigríður Valdimarsdóttir og Helgi Guðjónsson	Landgræðsla ríkisins/ Landbúnaðarháskóli Íslands	Kristín Svavarsdóttir, Andrés Arnalds og Járngerður Grétarsdóttir